

SKÓLANÁMSKRÁ Í DALSKÓLA

VETURINN 2012 – 2013



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Dalskóli veturinn 2012 - 2013

Skólanámskrá í Dalskóla

Markmið: Þróa skólanámskrá í samrekrnum heildstæðum skóla.

Númer samnings:109.2012-2013

Verkefnastjóri: Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri

INNGANGUR OG MARKMIÐ:

Veturinn 2012-2013 var nýttur til þess að hleypa í gang af kappi umræðum, markmiðasetningum og vinnu vegna námskrár Dalskóla.

Námskrá Dalskóla finnst í heild sinni inni á heimasíðu Dalskóla: www.dalskoli.is undir því sem kallast starfsáætlun. Þar er að finna heildræna sýn skólans á allt starf hans frá viðhorfum og aðbúnaði, skipulagi og skóalbrag til námskráa einstakra námsgreina. Veturinn fór í að skrifa almenna kafla um sýn, viðhorf og áherslur.

Mikil vinna var lögð í stefnumörkun um skólabrag, þróun lærdómsmenningar og starfsháttapróun auk þess sem námsgreinar bætast við jafnt og þétt. Nánast öll starfsáætlunin tekur til allra eininga skólans: leikskólahlutans, frístundahlutans og grunnskólahlutans. Auk þess er að finna kafla um hrynjandi í degi leikskólabarnsins og kafla um hrynjandi og markmið frístundastarfsins.

Skólinn vann einnig markvisst að samhæfðri lestrar- og málörvunarstefnu frá 2ja -12 ára, hún er langt komin og er hluti íslenskunámskrárinnar.

Markmið verkefnisins voru:

- Að þróa skólanámskrá í Dalskóla.
- Að þróa heildstætt plagg fyrir allar þrjár skólaeiningarnar leikskóla, grunnskóla og frístundastarf.

ÁÆTLAÐUR AFRAKSTUR

Stefnt var að því að vera komin með skýrslu að vori sem lýsir vel ásetningi skólans um líf, leik og nám og endurspegli starfið sem þar fer fram.

LEIÐIR SEM VALDAR VORU

- **Samlestrarfundir.** Að vori 2012 voru haldnir samlestarfundir í skólanum á rauðum þráðum aðalnámskrár
- **Þjóðfundur.** Að hausti var haldinn íbúafundur, að kvöldi, með foreldrum ásamt öllum starfsmönnum skólans. Þar hélt Sigurjón Mýrdal fyrirlestur um áherslur nýrrar aðalnámskrár og þá starfshætti sem þar eru boðaðir. Í framhaldi af fyrirlestrinum voru sex vinnustöðvar þar sem fundargestir stöldruðu við á öllum stöðvum og greindu skólastarfið og svöruðu spurningum um skólastarfið og námið. Hóparnir svörðu m.a. Hvaða verkefni höfum við verið að

vinna og hvað í okkar starfsháttum samrýmast rauðum þráðum aðalnámskrár og hvað viljum við gera betur og hvernig?



Hvar erum við að gera í þessum þræði og hvað viljum við gera betur? Umræðuhópur að störfum.

- **Mynduð verkefnastjórn.** Í kjölfarið var sett verkefnastjórn sem í voru skólastjórar og tilkallaðir kennarar af leikskólastigi og grunnskólastigi sem unnu tiltekin atriði áfram.



Bollaleggingar á grunnskólakennarafundi

- **Kvöldvinnufundur.** Haldinn var stór kvöldfundur með völdum starfsmönnum sem svöruðu spurningunni: Hvað einkennir góða námskrá? Uppbygging námskrárinnar og áherslur valdar og ákveðið að vinna meðfram almennri greinabundinni námskrárvinnu fyrir börn á grunnskólaaldri að setja í forgang að vinna að námskrá í læsi. Námskrá sem tæki til máltöku, málörvunar, þróunar hljóðkerfisvitundar og almenns lestrarnáms fyrir öll börnin í Dalskóla.

- **Öflun frekari þekkingar.** Verkefnastjórn las lestrar- og læsisstefnur (Reykjavíkur, Garðabæjar, Grafaravogs ofl.)
- **Námskeið.** Leikskólakennarar og grunnskólakennarar sóttu á Pals námskeið (Þör að læra saman) enda er Pals lestraraðferðin til fyrir leikskóla og grunnskóla
- **Kynning.** Haldin var kynning á byrjendalæsi
- **Samráð.** Skólastjórar funduðu með dr.Ingvari Sigurgeirssyni um stöðuna á miðjum vetri og fengum faglegar ráðleggingar
- **Kynning.** Farið var á kynningu á Orðaspjalli (námsnálgun í málörvun og læsi)
- **Námskeið.** Allir starfsmenn leikskólahluta skólans og allir grunnskólakennarar sóttu námskeið um notkun einingakubba í stærðfræðikennslu á leik- og grunnskólastigi (Elfa Ögmundsdóttir)
- **Kvöldfundur.** Haldinn var kvöldfundur með völdum starfsmönnum sem gerðu uppkast af námskránni í læsinu.
- **Samantektir.** Verkefnastjórar drógu saman gögn af vinnufundum og settu upp í töflur.
- **Önnur stefnumótunarvinna.** Hópur vann að þróun áfallaáætlunar, græn fánaáætlunar og þeim þáttum sem sem vert er að greina skýrt frá í starfsáætlunum.
- **Þróun skráningar í Smiðjum.** Við settum á oddinn góða skráningu á öllum smiðjum og unnum hjálpartæki til þess að auðvelda þær skráningar. Góð skráning ásamt vel skilgreindum markmiðum með kennsluáðferðum auðvelda öllum foreldrum og kennurum að sækja upplýsingar um markmið og nám einstakra barna og hópa. Smiðjuskýrslur eru vitnisburður um það hvernig Dalskóli framfylgir aðalnámskrá í þverfaglegu námi. Einnig nýtast skráningarnar svo fylgjast megi með einstaklingsbundnu ferðalagi barns í gegn um árin í smiðjum.
- **Starfsáætlun** Í maí skiluðum við starfsáætlun til Reykjavíkurborgar og hlaut hún því sem næst fullt hús stiga.



Matsfundur starfsmanna, tæki til samráðs og þróunar

FRÁVIK MIÐAÐ VIÐ ÁÆTLUN VERKEFNISINS

Frávikin eru helst þau að við erum núna í september 2013 að ljúka greinabundnum námskrám í grunnskólahlutanum og heildstæð lestrarstefna- er á lokametrum. Við töldum að við hefðum átt að vera komin lengra með lestrarstefnuna.

Við hefðum þurft að vinna meira á kvöldin og um helgar. Við höfum ekki fullnýtt okkar Sprotasjóðsfé og er á verkáætlun að nýta féð áfram til þess að greiða yfirvinnu og fullvinna útistandandi þætti sem helst snúa að ritstýringu og kynningum.

Námskráin okkar sem tekur til leikskóla- grunnskóla- og frístundastarfs er samin út frá sýn skólans og aðalnámskrám, hún er unnin lagskipt í samhljómi við þær áherslur sem skólinn hefur sett sér.

Mikilvægt verður áfram að geta leitt fólk saman til ígrundunar og bollalegginga. Dalskóli er þannig að slíkt verður að gerast utan vinnutíma kennara og frístundastarfsmanna. Aðal vinnutími frístundastarfsmanna er utan vinnutíma grunnskólakennara og leikskólakennarar hafa mikla viðveru með börnum.



Börn í 6. bekk lesa fyrir 4ra ára börn.

HELSTU HINDRANIR SEM UPP KOMU VIÐ VINNU VERKEFNISINS

Það var áskorun fólgin í því að koma fólkinu okkar saman til vinnu bæði á skólatíma og utan vinnutíma. Stærðargráða verkefnisins reyndist líka mikil áskorun. Við skólastjórnendur vorum verkefnastjórar og leiddum verkið áfram. Verkið er á góðum rexpöl en er ekki fullþroskað.

Það var einnig áskorun í því að samræma hugtakanotkun í námskrárgerðinni. Nálgunin á viðfangefninu var í byrjun aðeins mismunandi eftir því hvort um leikskólakennara eða grunnskólakennara væri að ræða. Við náðum að skrifa og hugsa námskrána í lestri og málörvun inn í eitt og sama formið og bæði skólastigin unnu með markmið, leiðir að markmiðum, aðföng og námsefni, skimanir og próf, hæfni og foreldravídd.

Markmið í lestri og málörvun 3.-4 ára	Leiðir að markmiðum	Aðföng og námsefni	Skimanir og próf	Hæfniviðmið	Foreldravídd

Okkur gekk vel með það mikilvægasta að endurspeglu einn skóla, eina hugmyndafræði, einn talsmáta og sameiginleg sýn. Við náðum vel íslenskunámskránni heildstæðri og næst á dagskrá er heildstæð

stærðfræði. Það eru þessar tvær höfuðgreinar sem eru sérstaklega hugsaðar sem ein samfelld heild frá tveggja ára og upp í gegn um grunnskólastigið.



Samræður um aðalnámskrá

HELSTI ÁVINNINGUR AF VINNU VIÐ VERKEFNIÐ

Það er mikill ávinningur fyrir Dalskóla að hafa yfirhöfuð valið þetta verkefni. Það myndar ramma um ásetninginn að formgera starfið, eiga samræðu um það og fá alla með í bátana.

Ný aðalnámskrá er með mjög góðri heimspeki um nám og leiðir til náms, hún er mjög gildishlaðin um margt og mikilvægt að gefa sér tíma til að meðtaka kjarna hennar.

Það er því mjög mikill stuðningur við stjórnun á námskrárgerð og innleiðingu aðalnámskrár að hafa fengið brautargengi við þetta verkefni um leið og verið er að móta nýjan skóla og ná að skrifa heildstæða áætlun um það starf sem hér fer fram.

JÁKVÆÐ ATRIÐI SEM FYLGDU Í KJÖLFAR EÐA SAMHLIÐA VERKEFNISVINNU

Við erum komin með heildstætt plagg sem lýsir vel skólanum, stefnu hans, sérkennum, viðhorfum, starfsháttum og leiðum.

Jákvæðar hliðarverkanir af þessu þróunarverkefni eru að menn sóttu sér á einstaklingsgrunni ýmis námskeið.

Ákveðið var að taka upp jákvæðan aga en hann er til fyrir bæði leik- og grunnskóla og frístund og er í miklum samhljómi við aðalnámskrá um lýðræði og mannréttindi.

Ákveðið var að innleiða Pals lestrarþjálfunaraðferðina (þör að læra saman) en hún er til bæði fyrir leik- og grunnskóla og nú hefur verið ákveðið að vinna markvisst með málörvun og hugtakaskilning þvert á allan aldur í smiðjum.

Starfendarannsóknirnar í skólanum voru margar hverjar í tengslum við þær áskoranir sem finnast í nýrri aðalnámskrá. Þannig var hér verið að þróa og vinna með ýmsar rannsóknarspurningar t.d.

- Hvernig vinnum við með úthald, gleði og einbeitingu drengja í námi?
- Hvernig nýtum við könnunarleikinn til þess að fylgjast með félagsþroska barna?
- Hvernig innleiðum við skráningar svo þær skili góðri mynd af leik-, námi og þroska barnsins?
- Hvernig nýtum við smiðjuna til dönskukennslu?
- Hvernig innleiði ég myndlæsi í myndlistarkennsluna?
- Hvernig þróum við kennarateymi 5 og 6 ára barna?
- Yfir þröskuldinn – stuðningur stjórnanda við starf 5 og 6 ára teymis

Starfendarannsóknirnar og niðurstöður þeirra hafa síðan verið kynntar á opnu málþingi í Dalskóla auk þess sem kennarar úr okkar röðum hafa í tvígang farið til Akureyrar með fyrirlestra og kynningar: Flæði 5 og 6 ára barna annars vegar og Námsmat og kennsluaðferðir í Dalskóla hinsvegar. Skólastjóri hefur haldið fyrirlestur um heildstæðan skólabrag á skólamálaráðstefnu á vegum Háskólans á Akureyri. Auk þess fluttu fjórir kennarar skólans fyrirlestur á Stóra leikskóladeginum.



Það er leikur að læra – samvinna 5 og 6 ára

MAT Á VERKEFNINU SAMKVÆMT UMSÓKN

Við náðum ekki alla leið þ.e.a.s að greinabundnar námskrár grunnskólahluta skólans eru ekki fullbúnar en vel á veg komnar og munu birtast í september. Það vantar námsmatsfrágang m.t.t. hæfnimarkmiða, en öll markmið eru nú sundurgreind í öllum greinum og búið að þrepaskipta öllum skólanum.

Við náðum mikill faglegri umræðu í skólanum og við foreldra um rauðu þræðina og erum einkar stolt af þeirri vinnu. Í kjölfar greiningar á rauðum þráðum aðalnámskrár var ákveðið að innleiða JÁKVÆÐAN AGA í skólann. Þetta gerum við í samvinnu við Naustaskóla á Akureyri og Leikskólann Naustatjörn. Þau aðstoða okkur við innleiðinguna og við aðstoðum þau við að endurskoða námsmatið hjá sér.

Við náðum að setja niður margar áætlanir sem tengjast rauðum þráðum aðalnámskrár bæði hvað varðar menningu og listir og grænu málin.

Við náðum mikilli faglegri umræðu og vinnu hvað varðar íslensku og lestur frá 2ja ára -12 ára og erum stolt af því.

NIÐURSTÖÐUR VERKEFNISINS

Niðurstöður verkefnisins eru helst þær að ásetningur okkar um að vinna jafnt og þétt að því að semja námskrá tókst mjög vel þó eru ekki allar námsgreinar fullunnar. Dalskóli er að hefja sitt fjórða starfsár og á nú í farteskinu:

- Heildstæða lestrar- og málörvunarnámskrá fyrir börn frá 2ja ára aldri.
- Öllum námsmarkmiðum hveðrar námsgreinar fyrir grunnskólahluta skólans hefur verið raðað niður í þrep. Á hverju skólaári eru tvö þrep. Allt námsmat fer fram í samhengi við námsmarkmiðin.
- Flestar kennslustundir hefjast með tilvísun í það markmið sem á að vinna að og öllum börnum frá 1. bekk eru ljós þessi markmið
- Valdar hafa verið tvær aðferðir sem eru til fyrir bæði skólastigin og höfum við menntað okkur til þessa. Þetta á við Pals lestrarkennsluáferðina og þetta á við Jákvæðan aga sem er aðferð sem er til fyrir bæði leik- og grunnskóla og byggir á markvissri lífsleikniþjálfun.
- Form og tilgang námsviðtala. Við leggjum áherslu á samræðu foreldra, barns og kennara á grunnskólastigi um námið, markmiðin og leiðirnar og höfum boðið upp á fjögur viðtöl á skólaárinu til þess að foreldravíddin verði sem skilvirkust. Öll börn eru heimsótt í ágúst þar sem vonir og væntingar eru rædd. Þá er haustviðtal þar sem aðallega er unnið með líðan og samskipti og markmið sett þar um. Þriðja viðtalið er námsviðtal í janúar og fjórða viðtalið er nemendastýrt viðtal þar sem nemandinn hefur valið verkefni til þess að sýna og útskýra fyrir foreldrum og kennara. Þetta viðtal köllum við handraðaviðtal. Þetta viðtal fer fram seint að vori. Fyrir börn á leikskólaaldri er eitt viðtal að hausti án barnsins og annað að vori.
- Form fyrir smiðjuskráningar og smiðjuskýrslur. Þar sem við kennum bóklegt nám utan lesturs og stærðfræði þverfaglega á skapandi og fjölbreyttan hátt í því sem við köllum **smiðjur** höfum við verið að þróa formlegar kennsluáætlanir og formlegar skráningar. Smiðjur eru fyrir börn frá tveggja ára aldri og upp úr. Það er mjög mikilvægt að halda vel utan um nám barnanna í smiðjum, sérstaklega þar sem ekki er um að ræða bókastýrt nám fyrir börnin á grunnskólaaldrinum heldur eingöngu markmiðabundið nám. Þetta er einnig mjög mikilvægt þar sem námsmat í smiðjum fer fram á smiðjulokum sem allir foreldrar sækja á 6-7 vikna fresti og fer fram með sýningum á sviði, framsetningu efnis og kennslu barna til foreldra. Hingað til höfum við alltaf gefið foreldrum bæklinga sem

geyma markmið og leiðir. Smám saman hafa bæklingarnir orðið að stórum skýrslum og í vetur sem leið þróuðum við form fyrir kennara til þess að vinna með sem gerir okkur alltaf kleift að sækja námsferil barnsins í gegn um skólann. Þetta form erum við að taka í notkun nú í haust. Allar þessar skýrslur undanfarinna ára eru nú þegar vistaðar á heimasíðunni og í vetur birtast skýrslurnar í þessu ný þróaða formi.

- Starfsáætlun. Við erum komin með góða heildstæða starfsáætlun sem gefur gott yfirlit yfir skólastarfið, bæði nám og starfshætti. Þessa áætlun má finna á www.dalskoli.is undir felliflipanum SKÓLINN.
- Einn samheldinn starfsmannahópur. Í Dalsskóla starfa 45 manns, þar af eru fjórir frístundastarfsmenn í 100% starfi allan ársins hring en þeir starfa í blönduðum störfum sem stuðningsfulltrúar og tómstunda- og félagsmálafræðingar. Í Dalskóla er frístundastarf inni í stundatöflum barna í 1.- 4. Bekk í fjóra klukkutíma á viku og er grunnskóladagurinn þeirra því lengri en hjá öðrum börnum þessa lands. Þessi samruni og samvinna hefur gengið mjög vel og verið börnum og starfsmönnum til mikillar gæfu. Foreldrar hafa verið sérstaklega ánægð með þetta fyrirkomulag. Við höfum kynnt þetta víða. Allir frístundastarfsmenn vinna þannig á jafnréttisgrundvelli í ýmsum teyrum, þeir vinna á jafnréttisgrundvelli í smiðjum þó grunnskólakennarar beri lögum samkvæmt ábyrgð á námsinntakinu. Starfshættir skólans, menning, orðræða og hvernig við leysum mál er okkar allra starfsmanna skólans og er skipulagið sérstaklega gert þannig að þekking allra nýtist öllum.

Markmiðin okkar náðust mjög mörg en við eigum ýmislegt óunnið eðli málsins samkvæmt. Verkefninu er hvergi lokið sem von er en stuðningur Sprotasjóðs var mjög mikilvægur og á sjóðurinn vonandi eftir að leggja okkur lið síðar.

ÁÆTLUN UM KYNNINGU Á AFRAKSTRI VERKEFNISINS OG HLESTU NIÐURSTÖÐUM

Við verðum með foreldrafundi /námskynningarfundi þar sem við munum sérstaklega kynna lestrar- og íslenskustefnuna okkar og jákvæðan aga. Fyrsti kynningarfundurinn er 10. september 2013.

Þar sem við erum um margt sérstakur skóli (leik- grunn- og frístundaskóli) hefur verið mjög gestkvæmt hjá okkur. Við höfum nú þegar fengið

fyrirspurnir um hvernig við förum að því að innleiða aðalnámskrána og hvernig við samræmum orðnotkun, hvernig við vefjum frístundastarfið inn í skólann og margt af því sem skólar í svipaðri stöðu eru að fást við.

Við erum með markmiðabundið námsmat og við erum með markmiðabundnar smiðjur frá 2ja ára aldri og það eru margir sem vilja heyra nánar um þessa heildstæðu nálgun okkar á starfið og kynnum við það fús.

Öll okkar skrif, námskrár og skýrslur liggja á heimasíðu skólans og eru öllum opnar á www.dalskoli.is

ANNAÐ SEM ER GAGNLEGT AÐ UPPLÝSA STJÓRN UM

Við viljum taka fram að góð skólanámskrá er ekki hrist fram úr erminni. Skólanámskrá er útfærsla á aðalnámskrá gunn- og leikskóla og hjá okkur er frístundastarfið hluti skólanámskrár. Skólanámskráin tekur til markmiða, inntak náms, námsmats og starfshátta. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skólans og aðstæðum. Hún greinir ásetning með starfinu almennt, skýrir viðhorf og sýn skólans. Starfsáætlunin og skólanámskráin eru tvær hliðar sama penings og eru samofnar. Starfsáætlunin tekur meira til skipulags og hagnýtra upplýsinga en námskráin meira til innra starfs, náms, gilda og sýnar.

Í Dalskóla heitir þetta heildarrit ennþá starfsáætlun og hefur undirkafla sem taka til hinna hefðbundnari námskrárbundnu þátta.

Reykjavík 21. ágúst 2013

Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri



DALSKÓLI ÞAKKAR FÝRIR SIG